

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 2 – 2022

Staður: Teams

Tími: Mánudagur 21. febrúar 2022 kl. 13:00

Fundinn sátu: Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Halldór Þorgeirsson, Torfi Jóhannesson, Guðveig Lind Eyglóardóttir, Ragnhildur Helga Jónsdóttir, Jóhannes Sveinbjörnsson. Margrét Björnsdóttir boðaði forföll.

- Stefna deildar Náttúru og Skóga:** Isabel C. Barrio deildarforseti kynnir nýsamþykka stefnu deildar: Isabel fór yfir helstu skref í stefnumótuninni, sem hefur átt sér stað síðasta árið eða þar um bil og hefur nú verið kynnt starfsmönnum, nemendum og framkvæmdastjórn, og hlotið formlegt samþykki þessara aðila. Helstu liðir í starfseminni eru a)rannsóknir, b)menntun og c)kynning og þjónusta við samfélagið. Isabel kynnti helstu undirmarkmið stefnunnar fyrir hvern þessarra starfsþátta og tengingar þarna á milli. Einnig stefnumið um 1)mannauð og starfsanda 2)auðlindir og innviði. Svo fór hún yfir innleiðingu stefnunnar, næstu skref. Umræður urðu að lokinni kynningunni, þar kom m.a. fram mikilvægi þess að innleiðingin og skrefin í henni væru vel skilgreind og mat á árangri skilvirkt.
- Stöðumat á innleiðingu stefnu 2019-2024 og næstu skref:** Rektor renndi yfir stefnu Lbhí sem gildir 2019-2024. Tímabilið sem stefnan gildir fyrir er því hálfnað. Eftir þeim mælikvörðum sem lagðir voru til grundvallar í stefnunni hefur gengið allvel að vinna eftir stefnunni, þar sem á annað borð liggja fyrir mælingar. Til dæmis er fjöldi samstarfsverkefna með atvinnulífi/samfélagi vel yfir markmiðum. Traust meðal almennings á Lbhí í nýlegri könnun Gallup er 51% sem er yfir meðallagi stofnana, en stefna þarf hærra. Fjöldi umsókna í samkeppnisjóði og árangur þeirra hefur verið yfir markmiðum. Þetta skilar sér m.a. í fjölgun doktorsnema. Umræða varð um kjör doktorsnema, sem eru breytileg eftir því hvort þeir eru í sérstökum doktorsstöðum eða verkefnaráðin með öðrum hætti. Háskólarnir og Rannís þyrftu að fara yfir þessi mál í sameiningu. Fjölgun nemenda við Lbhí þvert á fagdeildir og námsstig er yfir markmiðum en brottfall er of mikið. Ýmsir innviðir hafa verið styrktir í samræmi við stefnumið. Góð aðsókn nemenda bætir nýtingu innviða (nemendagarðar o.fl.) sem gerir betur mögulegt að viðhalda þeim og bæta. Vinna þarf áfram í því að mæla árangurinn á sem flestum sviðum, og kynna vel þann árangur sem mælist, bæði innávið í stofnuninni og útávið til samfélagsins. Umræða varð um starfsánægjukannanir og fleiri verkfæri af því tagi og hvernig við nýtum okkur slíkt. Covid-faraldurinn hefur skapað víska fjarlægð milli fólks og mikilvægt að vera vel á verði um starfsandann þegar fólk getur farið að hittast meira. Starfsfólk þarf að hafa á tilfinningunni að það eigi eitthvað í heildinni, að á það sé hlustað og skilaboðin ígrunduð. Opnir starfsmannafundir þar sem fólk getur tjáð sig opið um mál sem ekki hafa verið sett fyrirfram á dagskrá er ein mikilvæg leið í þessu sambandi.
- Vinnuskylda akademískra starfsmanna:** Umræðu um þetta mál var frestað til næsta fundar vegna tímaleysis.
- Mál lögð fram til kynningar:** Ragnheiður sagði frá vinnu að tveimur Evrópuumsóknum (Unigreen og skordýraprótein) og ráðningu Jóhönnu Gísladóttur í starf umhverfisstjóra.

Fundi slitið kl. 15.10